



Innskráning í Contentful

SSO innskráningarportall með MFA (tveggja þátta auðkenningu)

Innskráning í kerfi Stafræns Íslands, þar á meðal Contentful vefumsjónarkerfið, fer núna fram í gegnum einfalda miðlæga innskráningu (SSO innskráningarportal) sem tryggir meira öryggi og yfirsýn fyrir notendur.

Einföld innskráning (e. Single sign-on – SSO) er leið til að auðkenna notendur með sömu innskráningarupplýsingum inn á mörg mismunandi forrit í einu.

Ferlið er í tveimur skrefum:

A. Þú auðkennir þig, skráir þig inn á innskráningarportal Stafræns Íslands og sækir um aðgang að Contentful. Beiðni sendist til Stafræns Íslands sem leitar eftir staðfestingu á að þú eigir að bætast í teymi stofnunar. Aðgangur er veittur að Contentful gegnum SSO og notanda bætt við teymi í Contentful.

B. Þú notar framvegis slóðina <https://access.stafragentisland.is/> til þess að skrá þig inn í vefumsjónarkerfið, og önnur kerfi Stafræns Íslands ef við á. Gamla innskráningarleiðin er ekki lengur virk.

Smelltu hér til þess að [lesa lausnir á algengum vandamálum](#).

A. 1. Fyrsta innskráning inn í portalinn

Farðu á slóðina: <https://access.stafragentisland.is/>

Skráðu þig inn með þínum vinnureikningi.

Ath. Kerfið tekur aðeins við fyrirtækja-netföngum en ekki persónulegum netföngum (s.s. gmail / icloud).

A.2. Virkjaðu Authenticator



Við fyrstu innskráningu þarftu að virkja tveggja þátta auðkenningu (MFA) með Microsoft Authenticator.


Fylgdu leiðbeiningum á skjánum.

Ef þú lendir í [vandræðum](#) eru leiðbeiningar um uppsetningu Authenticator [hér](#).

A.3. Pitt svæði inn á portalnum

Nú ert þú skráð/ur inn í innskráningarportalinn.

Smelltu á örina sem bendir niður í stikunni vinstra megin  og veldu „**My Access**“.



A.4. Óska eftir aðgangi

Smelltu á „**Access packages**“ í vinstri hliðarstiku.

Smelltu á „**Request**“ fyrir Contentful, lengst til hægri í yfirlitinu. Gættu þess að vera með stillt á „**Available**“ flippann svo þú sjáir hvaða kerfi eru í boði.

Access packages
Access groups and teams, SharePoint sites, applications, and more in a single package. Select from the following packages, or search to find what you're looking for.

Available (4) Active (2) Expired (4)

Name ↑	Description	Resources	Actions
ConfigCat	Access package for ConfigCat. Users will get "Developer" role in ConfigCat.	AP_ConfigCat_SSO, ConfigCat SAML SSO	Request
Datadog	This access package gives you access into Datadog.	Datadog_SCIM	Request
Miro	Gives access to Miro	AP_Miro	Request
Slack	Stafrænt Ísland - Slack	AP_Slack	Request

Í næsta skrefi gefur þú upp ástæðu fyrir beiðninni. Ef þú ert í vefteymi ákveðinnar stofnunnar er gott að tilgreina það í reitnum „Business justification“.

Hafðu hakað í „No“ þar sem spurt er um „Request for specific period“.

Smelltu á „**Continue**“ til að klára umsóknina.

A.5. Beiðni um aðgang samþykkt

Stafrænt Ísland fær tölvupóst með aðgangsbéðninni og sér um að samþykkja eða hafna henni. Það ferli tekur yfirleitt um 1-3 tíma.

Ef beiðni hefur ekki borist frá vefstjóra eða vefteymi um að bæta þér við sem nýjum notanda í teymi viðkomandi stofnunar er staðfestingar leitað hjá vefstjóra.

Þú færð tölvupóst þegar umsókninni hefur verið svarað af Stafrænu Íslandi.

Þá er innskráningunni inn á portalinn lokið og þú getur framvegis nálgast kerfin sem þú ert með aðgang að á slóðinni: <https://apps.stafrantisland.is>.



B. Innskráning inn í vefumsjónarkerfið

Notaðu slóðina <https://apps.stafraentisland.is> til þess að skrá þig inn í Contentful. Gott er að bókmerkja slóðina.



Þú munt þurfa að auðkenna þig inn á portalinn með Authenticator cirka einu sinni á hverjum sólarhring. Þess á milli kemstu beint inn.

Í portalnum sérðu svæðið „My Apps“ og þar undir er lógó Contentful. Smelltu á merkið og þá skráist þú inn í vefumsjónakerfið




Algeng vandamál

1. Þú finnur ekki kerfi/öpp sem þú átt að vera með aðgang að.

Það getur verið að vafrinn sé ekki að fara inn á rétt „Organization“

Til þess að skipta um Organization þarftu að smella á íkon uppi í hægra horninu í vafranum og velja „**Stafrænt Ísland**“.



2. Stofnunin sem þú vinnur hjá notar aðra auðkenningu en Microsoft Authenticator.

Leitaðu aðstoðar hjá IT-deildinni hjá stofnuninni þinni. Auðkenning með Authenticator er skilyrði þess að komast inn á Government-tenantinn sem hýsir kerfi Stafræns Íslands.


Tveggja þátta auðkenning – Microsoft Authenticator

Leiðbeiningar um uppsetningu


1. Byrjum á því að ná í app í snjallsímann þinn sem heitir **Microsoft Authenticator**. Þú getur notað QR kóðana hérna fyrir neðan til þess að sækja appið:




2. Aftur að vinnutölvunni þinni. Eftir að þú hefur skráð þig inn á <https://access.stafrantisland.is>, þá færðu upp svipaðan glugga, Smelltu á „**Next**“.



3. Þá færðu upp þessa síðu:



Smelltu á „Next“ þangað til þú sérð QR kóða á skjánum, sjá mynd:




4. Núna þarftu að opna „**Microsoft Authenticator**“ í snjallsímanum þínum sem þú sóttir í skrefi númer 1.


5. Ef þú ert að nota appið í fyrsta skipti getur þú mögulega smellt beint á „**Scan QR code**“, annars þarf að smella á punktana 3 í efra hægra horninu og smella á „**Add account**“ og síðan „**Work or school account**“ og velja síðan „**Scan QR code**“. Þá mun myndavélin á símanum þínum opnast.

6. Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er á skjánum á vinnutölvunni þinni. Myndavélin mun “frjósa” í smá stund þegar síminn er að greina úr kóðanum, og síðan slekkur appið á myndavélinni, það er eðlileg virkni. Núna þarftu að smella á „**Next**“ á glugganum sem er uppi á vinnutölvunni þinni, sjá næstu mynd hér að ofan.

7. Núna færð þú prufu-tilkynningu í símann sem þarf að samþykkja.



Smelltu á tilkynninguna ef þú varst búinn að læsa símanum. Næst þarftu að setja inn töluna sem birtist á skjánum á vinnutölvunni þinni (**23** í þessu sýnidæmi), í gluggann sem kemur upp á snjallsímanum þínum, og smella síðan á „Yes“, sjá mynd:



8. Aftur að vinnutölvunni þinni, smelltu núna á „**Next**“ takkann. Hann verður sýnilegur eftir að prufu tilkynningin er samþykkt/kláruð (skref 7).

9. Að lokum ert þú spurð/ur um símanúmer. Það er skráð sem varaleið og mikilvægt að fylla það út. Breyttu forskeytinu yfir í **Iceland (+354)**, og settu síðan inn farsímanúmerið þitt. Eftir það smellir þú á „**Next**“. Þú munt núna fá SMS skeyti sem inniheldur 6 stafa kóða sem þú þarft að setja inn áður en uppsetning á fjölþátta auðkenningu er klár.

